

## Jólaball NfvÍ

Jólaball NfvÍ verður haldið í Silfurbergi í Hörpu mánudaginn 15. desember. Um 1000 miðar eru seldir á dansleikinn og því ættu allir nemendur skólans, sem hafa áhuga á að fara á ballið, að fá miða.

Húsið opnar klukkan 22:00 og því verður lokað klukkan 24:00. Ballinu sjálfu lýkur klukkan 01:00.

3. bekkur mætir kl. 22:00.

4. bekkur mætir kl. 22:30.

5. bekkur mætir kl. 23:00.

6. bekkur mætir kl. 23:30.

Samkvæmt NfvÍ er dagskráin eftirfarandi: SPOT-ON opnar kvöldið. Því næst stígur glæsilega Skólahljómsveit Verzlunarskólans á svið. Þar á eftir munu hin einu sönnu Jóhanna Guðrún og Ingó Veðurguð halda uppi stuðinu með jólakeim. Dj JAY-O lokar kvöldinu en fáir þekkja þarfir Verzlinga jafn vel og hann.

Hver Verzlingur má bera ábyrgð á einum einstaklingi úr öðrum skóla sem hann býður með sér á ballið en sá nemandi þarf að sanna að ábyrgðarmaðurinn samþykki hann sem sinn boðsgest.

Edrúppotturinn verður á sínum stað og vinningar ekki af verri endanum.

## Vælið

Vælið, söngkeppni skólans, fór fram í Eldborgarsal Hörpu 14. nóvember sl. Vælið er annar af hápunktum haustannar í starfi nemendafélagsins. Undirbúningur og framkvæmd hvíla á herðum skemmtinefndar sem leggur á sig mikla vinnu samhliða námi sínu. Á Vælinu koma fram hæfileikaríkir nemendur skólans og láta ljós sitt skína í keppni sem umfram allt miðar að því að skemmta áhorfendum. Líkt og undanfarnin ár var keppnin stórskemmtileg og tókst vel í alla staði. Á Vælinu komu fram 13 stórglæsileg söngatriði frá nemendum skólans og var sigurvegari kvöldsins Bjarni Daniel Þorvaldsson með lagið „Kissing a Fool“. Í öðru sæti var Ari Páll Karlsson með lagið „Sombod To Love“ og í þriðja sæti Ruth Tómasdóttir með lagið „Lady Marmalade“. Miðað við frammistöðu þeirra þetta kvöld má gera ráð fyrir fleiri eigi eftir að fá að njóta hæfileika þeirra síðar meir í tengslum við söngskemmtanir.



## Birting einkunna

Lokaeinkunnir birtast nemendum í upplýsingakerfinu föstudaginn 19. desember. Það er afar mikilvægt að nemendur og foreldrar þeirra kynni sér vel hvaða reglur eiga við þegar nemandi fellur í áfanga. (sjá skóla-reglu 5.3). Prófsýning verður í hádeginu föstudaginn 19. des milli klukkan 11:00 og 12:30 og eru þeir nemendur sem ekki ná þeim árangri sem þeir vonuðust eftir hvattir til þess að mæta á prófsýninguna.

## Frá Góðgerðarráði VÍ

Starf G.V.Í. hefur að markmiði sínu að safna styrkjum sem renna til góðra málefna og hafa umsvifin vaxið ár frá ári. Það höfum við fundið bæði með fjölmiðlaumfjöllun sem og veigameiri fjárstyrkjum sem hafa gert okkur kleift að styrkja fleiri málefni.

Málefnið sem verða styrkt í ár eru meðal annars UN Women og mæðrastyrksnefnd. Þá erum við einnig í samstarfi við ABC og stofnuðum skóla í Úganda sem heitir „Litli Verzló“. Nú er komið að því að byggja grunnskóla fyrir HIV smituð börn svo að þau geti farið í nám, fengið þá menntun sem þau þurfa og átt bjartari framtíð. Fyrir hönd Góðgerðarráðsins langar okkur til þess að kanna nánar hvort þið vilduð leggja ykkar af mörkum til þess að styrkja okkar málefni og um leið hjálpa þeim sem eiga bágt og minna mega sín.

Við höfum fengið í umboðssölu svo-kölluð stafahálsmen. Um er að ræða hálsmen frá Ossa SKART úr silfri með fallegum steinum í.

Stykkið af þessu fallega hálsmeni kostar aðeins 5000. kr fyrir fallega jólagjöf og styrkir í leiðinni gott málefni. Endilega leggið ykkar af mörkum og hjálpið við að tryggja betri lífsgæði fyrir litlu Verzlinganna okkar í Afríku.

Hægt er að panta hálsmen hjá:

Ellen Huld: 8682708 -

[ellen.huld@gmail.com](mailto:ellen.huld@gmail.com)

Svava: 7828788 -

[svahjoh@verslo.is](mailto:svahjoh@verslo.is)

